

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 20. mars 2017  
UST201702-161/K.S.J.  
10.04.03


**Efni: Bláskógabyggð, tillaga að breytingu deiliskipulags fjallasels við Þverbrekknamúla**


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 14. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fjallasels Ferðafélags Íslands sem er staðsett við Þverbrekknamúla.

Í greinargerð kemur fram að í breytingunni felst að allri lóðinni er hnikað um 10 m til suðurs og u.þ.b. 2 m til austurs. Auk þess færast byggingarreitir fyrir skálavarðahús frá því að vera norðan við núverandi skála á svæði sem er sunnan skálans. Í greinargerð kemur einnig fram að annað er varðar deiliskipulagið helst óbreytt.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur